Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 21. ágúst 2026
2302367/205.01 SK

Erindi: Tillaga að breyttu fyrirkomulagi vegna kaupa menningar- og mannlífsnefndar á nýju útilistaverki, eftir ráðgjöf frá SÍM

Undirritaðar auk ráðgjafanefndar Gerðarsafns leituðu ráðleggingar hjá Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur starfsmanni SÍM (Sambandi íslenskra myndlistarmanna) varðandi fyrirkomulag vegna vals og kaupa á nýju útilistaverki menningar- og mannlífsnefndar.

Ingibjörg kynnti samkeppnisreglur SÍM og ólíkt fyrirkomulag í samkeppni um útilistaverk en samkeppnisreglurnar er að finna hér: Reglur SÍM

Ingibjörg mælti með því að halda lokaða samkeppni með opnu forvali, sem þýðir að öllu listafólki sé velkomið að senda inn umsókn og eða kynningu. Forvalsnefnd velur úr þeim hópi 3-5 listamenn til að vinna tillögur. Listafólkið sem er valið fær greidda þóknun til að vinna sínar tillögur.

Dómnefnd (skipuð öðrum aðilum) velur eina tillögu en heppilegast er að nafnleynd ríki um innsendar tillögur. Trúnaðarmaður SÍM heldur utan um samkeppnina og er milligöngumaður milli listafólks og nefnda.

Fram kom hjá fulltrúa SÍM að reynst hefði vel að leggja til 3-4 staðsetningar, sem væru heppilegar fyrir útilistaverkið, sem listafólkið gæti þá unnið sínar tillögur út frá.

Að mati Ingibjargar er það fjármagn sem nú hefur safnast, kr. 15.000.000, tæplega nægjanlegt til að standa vel að gerð nýs útlistaverks. Þá sérstaklega þar sem samkeppnin sjálf, með greiðslum til listafólks, trúnaðarmanns og prósentu til SÍM, gæti kostað allt að 3.000.000 kr. Hún mælti því með því að fara ekki af stað með samkeppnina fyrr en sjóðurinn er kominn upp í að minnsta kosti 20.000.000 kr.

Að því sögðu leggja undirritaðar til að menningar- og mannlífsnefnd eyrnamerki 3.000.000 kr. í tvö ár í viðbót til að standa straum að vali og kaupum á nýju útilistaverki. Það þýðir að árið 2028 stendur sjóðurinn í 21.000.000 kr. og þá getur verkefnið farið af stað.

Virðingarfyllst,
Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála
Brynja Sveinsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026